

Sv-Aust

Stjórnarfundur Sv-Aust haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs 23. október 2018 kl. 9:30.

Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir sem skrifaði fundargerð. Verkefnastjóri Sv-Aust, Jódís Skúladóttir og framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir sátu einnig fundinn.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundur með Vegagerðinni um framhald samninga
2. Curron
3. Samtal við akstursaðila
4. Vsk mál, íþróttakstur, skipting tekna ofl.
5. Önnur mál.

1. Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir fjárhagsáætlun 2019 og tölur vegna yfirlýsingar frá Vegagerðinni um framhald samninga árið 2019. Fjárhagsáætlun 2019 miðast við að samningar við akstursaðila haldist óbreyttir. Þar sem um er að ræða framlengingu á samningi um 1 ár þarf ekki að bjóða þá út. Það er því tillaga stjórnar að senda akstursaðilum bréf um að núverandi samningum verði framlengt um 1 ár og boða þá á fund í framhaldinu. Verkefnastjóra var falið að vinna bréfið. Þegar niðurstaða úr samtali við akstursaðila liggur fyrir verður rætt frekar við Vegagerðina.
2. Curron. Rætt var um að niðurstaða þurfi að komast í hvort gengið verði til áframhaldandi samninga við Curron fyrir áramót. Stjórn þarf að hafa tölu til að ganga út frá. Fara þarf yfir ýmsa þætti varðandi notkun kerfisins. Verkefnastjóra var falið að ræða við Alcoa og sjá um samskipti og greiningu á Curron.
3. Sjá í lið 1.
4. Rætt var um vsk á íþróttakstur og almenningssamgöngur sem á að vera undanskilinn. Einnig að aðilar hafa óskað eftir vsk-reikningum en Sv-Aust er ekki með vsk. Álit endurskoðanda KPMG liggur fyrir. Sótt verður um leyfi til að fá vsk endurgreiddan af sérfræðiþjónustu. Verkefnastjóra var falið að ræða það við endurskoðanda KPMG.
5. Önnur mál.
Næsti fundur verður miðvikudaginn 31. október kl. 13 í Austurbrú á Reyðarfirði.

Einar Már Sigurðarson

Björn Ingimarsson

Jóney Jónsdóttir
